

Og mund vor er njólanum hlífín og holl,  
sem hreykir sér efst upp á grápúfu koll;  
vér styðjum það gjarna, sem stærðina hlaut,  
en stígum á blómið, sem sprettur í laut.



### Nýr Jónas og hvalur.

Trúboði kyrkjufélagsins í íslenzku bygðarlögunum við Foam Lake sagði sögu þá sem hér fer á eftir, sem nútíðar sönnunarvott um bókstaflegan sannleika spámannssögunnar fornu. „Nú fyrir fáum árum síðan voru menn að hvalaveiðum norður í íshöfum. Dag einn gekk á með ofsaveðri svo að lá við að skip og menn týndust. Áður en veðrinu slotaði tók einn skipverja út, en þar var hvalur skamt frá og gleypiti hann manninn jafnskjótt og hann steyptist í sjóinn. Þó ekki væri til annars en hefna félaga síns vildu skipverjar handsama hvalinn og drepa hann. Í tvo daga reyndu þeir að ná hvalnum og tókst þeim það að lokum. Og er þeir höfðu opnað hann, kom maðurinn heill á hófi úr hvalmaganum. En að vísu var hann orðinn *sútaður*“, bætti trúboðinn við.

„Margt er gil í geiminum“, orti Sveinn um árið.

Nú er kornskerutíminn liðinn og það er búið að safna hveitinu í kornhlöður og brenna illgresið á ökrunum. Heimir er því að vona að vinir og kaupendur sínir fari að minnast sín. Utanáskriftin er:

**Heimir, 582 Sargent Ave. Winnipeg.**

Þangað eiga öll bréf að sendast blaðinu viðvíkjandi.

**HEIMIR** kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn. — Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbyggingunni austan við Unitarakerkjuna, á suðausturborninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man. —

Ritstjóri stra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.